



Reykjavík 28. október 2019

Varðar: Bústaðavegur Kringlumýrarbraut, umsókn um framkvæmdaleyfi.

Þann 22. okt. sl felldi Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála úr gildi ákvörðun skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar frá 22. ágúst sl. um að veita framkvæmdaleyfi fyrir gerð „fráreinar í aksturstefnu til austurs og breikkun rampa til suðurs á Kringlumýrarbraut ásamt breytingu á akstursleið inn á rampann frá norðurakbraut Bústaðavegar og setja ný umferðarljós á rampann“. Ákvörðun úrskurðarnefndarinnar felur í sé þá niðurstöðu að grenndarkynna hefði átt umrædda framkvæmd fyrir hagsmunaaðilum á svæðinu þar sem ekki sé fjallað um hana með nægjanlegum hætti í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Í kjölfar úrskurðarins samþykkti skipulagsfulltrúi á embættisafgreiðslufundi sínum þann 25. okt. sl. að grenndarkynna umrædda framkvæmd með eftirfarandi bókun.

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. ágúst 2019 var lögð fram umsókn Vegagerðarinnar dags. 15. júlí 2019 um framkvæmdaleyfi vegna m.a. gerðs fráreinar í aksturstefnu til austurs og breikkun rampa til suðurs á Kringlumýrarbraut ásamt breytingu á akstursleið inn á rampann frá norðurakbraut Bústaðavegar og setja ný umferðarljós á rampann. Einnig er lagt fram teikningasett Hnit verkfræðistofu dags. 10. júlí 2019, Hljóðvistarskýrsla dags. 24. október 2019, minnisblað um Hljóðvistarútreikninga við Bústaðavegdags. 25. október 2019 og Hljóðkort eftir breytingar við Bústaðaveg dags. 25. október 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. ágúst 2019

Bókun: Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Beykihlíð 7,9,11,13,15,17,19, 21,23,25,27,29,31,33 og Birkihlíð 8,10,12,14,16,18,20,22,24,26,28,30,32,34,36,38,40,42,44,46,48

Samkvæmt framkvæmdalýsingu felst verkið í gerð fráreinar í aksturstefnu til austurs og breikkun rampa til suðurs á Kringlumýrarbraut. Í verkinu felst auk þess breyting á akstursleið inn á rampann frá norðurakbraut Bústaðavegar og ný umferðarljós á rampann. Færa skal og hækka að hluta hljóðmön við fráreinina, færa niðurföll og ljósastaura. Tryggja þarf rekstur allra kerfa Veitna á verktíma og einnig að umferðarljós verði óvirk í sem skemmstan tíma. Skal verkáætlun verktaka taka mið af því. Endurnýja þarf umferðarmerki, málaðar línur og merkingar, auk lagfæringa á umferðareyjum. Í verkinu eru eftirfarandi aðalverkþættir:

- Frárein á Bústaðavegi til austurs. Fráreinin nær frá núverandi undirgöngum að gatnamótum/rampa inn á Kringlumýrarbraut, samtals um 200 m.
- Breikkun rampa til suðurs að Kringlumýrarbraut. Breikkunin felst í breytingum á umferðareyju og breikkun rampans inn í eyjuna og aðlögun að núverandi rampa.
- Færa núverandi niðurföll og ljósastaura. Sett verða upp umferðarljós á nýjan rampa. Færa þarf og hækka hljóðmön við íbúðarhverfi Suðurhlíða.



Breyting – Yfirborðsfrágangur (Hnit Verkfræðistofa, dags. 10.7.2019)

Erindið er framkvæmdaleyfisskyt skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, sbr. 1. mgr. 5. gr. sömu reglugerðar, þar sem um er að ræða breytingar lands með jarðvegi svo sem efnislosun, landmótun (t.d. manir) og nýja vegi og enduruppbyggingu vega. Framkvæmdin telst nokkuð umfangsmikil og breytir að einhverju leyti ásýnd umhverfisins, þótt hún nái í raun ekki yfir langt tímabil með tilheyrandi raski fyrir íbúa og vegfarendur.

Í niðurstöðum hljóðvistarútreikninga, þar sem notast var við metna sólarhringsumferð byggða á umferðartalingum á Bústaðavegi og Kringlumýrbraut, þá kemur það ótvírætt fram að breytingar á hljóðvist eftir framkvæmdir eru óverulegar fyrir bæði 1. og 2. hæð og batna lítillega á nokkrum stöðum sem er þó óveruleg bæting. Sjá nánar töflu með útsendum gögnum fyrir heimilsföng við Birkihlíð og Beykhlíð.

Stefnt er að því að Vegagerðin sem framkvæmdaraðili boði íbúa á fund sem fyrst til að kynna þeim framkvæmdina.

Meðfylgjandi gögn fylgja málinu; Teikningasett Hnit Verkfræðistofu með yfirborðsfrágang og þversnið dags. 10. júlí 2019, minnisblað Hnit Verkfræðistofu um hljóðvistarútreikninga við Bústaðaveg dags. 25. október 2019, hljóðkort Hnit Verkfræðistofu eftir breytingar við frárein og hljóðmön við Bústaðaveg dags. 25. október 2019 og hljóðvistarútreikning Hnit Verkfræðistofu samanburður reiknaðs umferðarhávaða fyrir og eftir breytingar dags. 24. október 2019.

f.h umhverfis- og skipulagssviðs
skipulagsfulltrúa, /**Björn I. Edvardsson, Sólveig Sigurðardóttir, Harri Ormarsson**